

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2008, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Fjárlaganefnd vísaði til umfjöllunar efnahags- og skattanefnar þeim hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málavíði nefndarinnar, í samræmi við ákvæði þingskapalaga.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein Þorgeirsson, Gunnar Gunnarsson og Elínu Guðjónsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Arnór Sighvatsson og Markús Möller frá Seðlabanka Íslands, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnuþlfsins, Björn Rúnar Guðmundsson og Krístrúnu T. Gunnarsdóttur frá Landsbanka, Ásdísi Kristjánsdóttur frá Kaupþingi og Jón Bjarka Bentsson frá Glitni.

Eins og fram kemur í álitinu frá 1. minni hluta efnahags- og skattanefndar er í fjárlagafrumvarpinu gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs verði um 461 milljarður kr. og þar af muni skatttekjur nema um 422 milljörðum kr. Heildartekjur verða samkvæmt þessu um 13 milljörðum kr. meiri en í endurskoðaðri tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið í ár og 85 milljörðum kr. meiri sé miðað við fjárlög 2007. Fram kom á fundum nefndarinnar um tekjuáætlun frumvarpsins að undanfarin ár hefði reynst erfitt að áætla tekjur ríkissjóðs og að nokkuð skiptar skoðanir væru um þær forsendur sem lögju til grundvallar spá ráðuneytisins. 2. minni hluti tekur undir þau sjónarmið að skoða þurfi þessar forsendur til að spáin verði sem nákvæmust.

2. minni hluti áskilur sér allan rétt varðandi hugsanlegar breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið.

Að öðru leyti vísar 2. meiri hluti til nefndarálits sem minni hluti fjárlaganefndar mun leggja fram við afgreiðslu málsins úr þeirri nefnd.

Katrín Jakobsdóttir,
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.